

Nr. 081 / 16 Eyjólfur Ólafsson HU 100**Strandar í Húnaflóa**

Skipaskr.nr. 2175
Smíðaður: Hafnarfirði 1992, plast
Stærð: 7 brl. 7,7 bt.
Mesta lengd: 9,0 m Skráð lengd: 8,98 m
Breidd: 3,08 m Dýpt: 1,4 m
Vél: Cummins 187 kW, 1997
Fjöldi skipverja: 1



Eyjólfur Ólafsson © Jón Sigurðsson

Gögn:
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi þann 5. desember 2016 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 11. ágúst 2016 var Eyjólfur Ólafsson HU 100 á handfæraveiðum í Húnaflóa. Veður: SV 4 m/sek.

Á veiðunum strandaði báturinn fyrir norðan Skagaströnd á stað 65°56,91N og 020°22,98V. Skipstjóri tilkynnti strandið til Vaktstöðvar siglinga sem kallaði út björgunaraðila. Björgunarskipið Aðalbjörg var fyrst á staðinn og reyndi að draga Eyjólf Ólafsson á flot en án árangurs.

Björgunarskipið Húnabjörg náði að draga bátinn á flot og ekki var sjáanlegur leki að bátnum. Báturinn var dreginn til hafnar á Skagaströnd en á leiðinni kom í ljós að stýrið var fast.

Við rannsókn kom fram:

- að skipstjórinn sofnaði á stíminu við stjórn bátsins;
- að veiðiferðin hafði staðið yfir í einn og hálfan sólarhring;
- að ratsjái var með stillanlegri viðvörun en viðvörunarbjallan var biluð;
- að sögn skipstjóra var AIS tækið að detta út annað slagið og hafði hann orðið var við það í fleiri veiðiferðum á undan;
- að samkvæmt Vaktstöð siglinga hafði báturinn ekki tilkynnt sig úr höfn og engin AIS merki borist frá honum.

Nefndarálit:

Orsök strandsins var að stjórnandi bátsins sofnaði.

Nefndin átelur skipstjórnann fyrir að hafa ekki sinnt bilun í AIS búnaði og tryggt að báturinn væri í öryggisvöktun.

Nefndin telur ámælisvert að skipstjóri hafi verið svo lengi á sjó sem raun bar vitni. Í 12. gr. laga nr. 30/2007 um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa segir:

Á skipi sem er styttra en 24 metrar að skráningarlengd skal vera stýrimaður ef útivera skips fer fram úr 14 klst. á hverju 24 klst. tímabili. Á skipi þar sem daglegur útivistartími er styttri en 14 klst. er heimilt að vera án stýrimanns, enda hafi skip fengið útgefna heimild þess efnis frá mönnunarnefnd. Samgöngustofa skal halda skrá yfir þau skip sem slíka heimild hafa hlotið. Séu reglur um skilyrtan útivistartíma brotnar skal mönnunarnefnd afturkalla heimildina.